

Fimm síldarskip með yfir 40 þús. mála afla

Fimm síldarskip á miðunum fyrir Austfjörðum voru komin með yfir 40 þús. mál og tinnur á miðnætti sl. laugardag, og nokkur fleiri allt að því. Hæstur er sem fyrr Jón Kjartansson frá Eskifirði með 47.044 mál og tinnur, næst Snæfell frá Akureyri með 43.229, þá Sigurður Bjarnason frá Akureyri með 42.675, Bjarni II frá Dalvík með 40.803. Hér fer á eftir skýrsla LIÚ um afla þeirra skipa sem bættu við sig afla í síðustu viku.

Akraborg Akureyri	24.011
Akureyri Reykjavík	15.953
Arnar Reykjavík	17.992
Arnar Hafnarfirði	11.589
Arnfirðingur Reykjavík	23.125
Arni Magnússon Sandgerði	28.539
Asbjörn Reykjavík	27.271
Áðunn Hafnarfirði	9.381
Bára Fáskrúðstíri	2.438
Bergur Vestmannaeyjum	22.317
Bjarni II. Dalvík	42.258
Björgúlfur Dalvík	15.166
Björgvin Dalvík	23.851
Eldey Keflavík	24.313
Ellíði Sandgerði	22.326
Engy Reykjavík	25.141
Faxi Hafnarfirði	36.605
Freyfaxi Keflavík	6.340
Garðar Garðahreppi	13.564
Gjafir Vestmannaeyjum	27.991
Gróttu Reykjavík	38.943
Guðmundur Þórsson Bolungarvík	23.111
Guðmundur Þórsson Rvík	21.199
Guðrún Hafnarfirði	22.223
Guðrún Þorkelsdóttir Eskifirði	11.014
Gullberg Seyðisfirði	30.255

Gullfaxi Neskaupstað	19.450
Gunnar Reyðarfirði	26.039
Hafþór Neskaupstað	14.629
Haftrún Bolungarvík	28.602
Hannes Hafstein Dalvík	40.457
Héðini Húsavík	24.664
Heimir Stöðvarfirði	17.076
Helga Guðmundsdóttir Patreksfirði	38.806
Hoffell Fáskrúðstíri	18.276
Hólmanes Keflavík	18.293
Hrafn Sveinbjarnarson III Grindavík	18.293

— Alþingi

Framhald af bls. 23. landsbrauta nú eru um 2/3 hlutar endurnýjun bráðabirgðalána frá sl. ári.

Í yfirlitinu yfir framkvæmd einstakra liða vegáætlunar fyrir yfirstandandi ár eru allar kostnaðartölur miðaðar við áætlanir þær er fyrir lágu, er tillaga um vegáætlunina var lögð fram á Alþingi sl. vor. Endanleg reikningsyfirlit um einstakar framkvæmdir verða ekki fyrir hendi fyrr en í byrjun næsta árs.

Verðbreytingar urðu nokkrar með nýjum kaupgjaldssamningum o. fl. hinn 1. júlí sl. Hafa þær breytingar að sjálfsögðu í för með sér aukinn kostnað á þeim mannvirkjum, sem ljúka verður í einum áfanga eins og t.d. byggingu einstakra brúa.

— Chou En-lai

Framhald af bls. 1. Anfarna daga hafa blöðin í Peking skýrt frá viðbrögðum kommúnistaflokka í öðrum löndum. Fréttamenn í Peking benda á að Chou En-lai fari nú til Moskvu, en á þjóðhátíðardegi Kínverja, 1. okt. sl. hafi Viktor Grisjin, formaður sovétzku verkalyðssamtakanna, verið formaður sendinefndar lands síns.

★ Það var „Izvestija“, málagn Sovétstjórnarinnar, sem lét að því liggja í dag, að Albönum væri ekki boðin þátttaka í hátíðahöldunum 7. nóv. Birta blaðið lista yfir 11 kommúnistaríki, sem boðið er að senda fulltrúa, en Albanía var ekki meðal þeirra.

Sem fyrr segir, telur AFP, að flest kommúnistaríki sendi forsætisráðherra sína og leiðtoga kommúnistaflokkanna til Moskvu ef til vill til þess að leggja áherzlu á samvirkna forustu, eins og hinir nýju leiðtogar Sovétríkjanna hafa gert.

Fullvist er, að Walter Ulbricht,

leiðtogi a-þýzkra kommúnista og Willy Stoph, forsætisráðherra landsins, koma báðir til Moskvu. Talið er að fulltrúar Póllands verði m. a.: Wladyslaw Gomulka, leiðtogi kommúnistaflokksins, Zenon Glizko, aðstoðarforseti ísráðherra og Adam Rapacki, utanríkisráðherra. Janos Kadar, forsætisráðherra Ungverjalands, hefur tilkynnt komu sína til Moskvu og með honum í förinni verður formaður kommúnistaflokks landsins, Tító, Júgóslavíu-forseti og Antonin Novotný leiðtogi kommúnistaflokks Tékkóslóvakíu munu hins vegar ekki koma til hátíðahaldanna. Og hvorki Gheorghe Gheorghiu-Dej, leiðtogi kommúnistaflokks Rúmeníu né Fidel Castro, forsætisráðherra Kúbu.

Í sendinefnd Kínverja verða sjö menn, en ekki hefur verið skýrt frá því hverjir fara með Chou En-lai. En þetta er fyrsta heimsókn hans til Moskvu frá 1961.

Ríkjum vinveittum Kínverjum, N-Kóreu og N-Víetnam, hefur verið boðið til hátíðahaldanna.



Verkamenn handlanga sjó út úr vöruskemmunni.

— Jólavarningurinn

Framh. af bls. 32. lega hreinlætistæki og ýmis byggingarvara. Þar eins og á

neðri hæðunum hafði milkið tjón orðið af vatni og sjó.

Okkur var sagt, að húsið hefði verið næstum fullt af vörum, ekki sízt jólavarni.

Huginn II Vestmannaeyjum	22.455
Ingiber Ólafsson II Njarðvík	22.232
Ingvar Guðjónsson Hafnarfirði	14.309
Ísleifur IV. Vestmannaeyjum	11.789
Jón Kjartansson Eskifirði	19.556
Jörundur II. Reykjavík	47.044
Jörundur III. Reykjavík	20.499
Loftur Baldvinsson Dalvík	39.366
Margrét Siglufirði	34.433
Náttfari Húsavík	23.681
Oddgeir Grenivík	27.233
Ólafur Friðbertsson Súgandafirði	26.528
Ólafur Magnússon Akureyri	27.939
Ólafur Tryggvason Hornafirði	28.108
Óskar Halldórsson Reykjavík	8.414
Otúr Stykkishólmi	16.375
Pétur Sigurðsson Reykjavík	8.429
Rífsnes Reykjavík	21.387
Seley Eskifirði	19.493
Sigfús Bergmann Grindavík	23.259
Siglufirðingur Siglufirði	11.298
Sigurður Bjarnason Akureyri	20.575
Sigurður Jónsson Breiðdalsvík	42.675
Skálalberg Seyðisfirði	22.159
Snæfell Akureyri	7.901
Snæfugl Reyðarfirði	43.229
Sólrún Bolungarvík	15.764
Steingrímur Tröllu Eskifirði	20.385
Súlan Akureyri	18.154
Vattarnes Eskifirði	30.470
Viðey Reykjavík	21.694
Víðir Eskifirði	28.780
Víðir II. Garði	16.003
Vigri Hafnarfirði	25.068
Vinnu Keflavík	21.642
Vorþjórn II Grindavík	39.346
Þórður Jónasson Reykjavík	29.519
Þránn Neskaupstað	40.803
Ögri Hafnarfirði	15.550
	14.128

Sigri Johnsons fagnað víða

Washington, 4. nóv. (NTB): SIGRI Johnsons forseta í kosningunum í Bandaríkjunum var ákafur fagnað í blöðum og útvarpi víða um heim í dag. Hinum nýkjörna forseta bárust árnaðaróskir frá þjóðarleiðtogum fjóldar ríkja, þar á meðal Anastas Mikoyan forseta Sovétríkjanna og forsætisráðherra þeirra Alexei Kosygin, forsætisráðherra Bretlands Harold Wilson og kanslara V-Býzkalands, Ludwig Erhard.

Morgunblaðin í New York komu seint út í gærkvöldi með stórum fyrirsögunum um sigur Johnsons. Stórblaðið „The New York Times“ sagði m.a. í ritstjórnargrein, að ljóst væri að bandaríska þjóðin vildi búa áfram við núverandi utanríkisstefnu og framfarir í innanríkis málum. Segir blaðið sigur Johnsons og Humphreys ljóst dæmi um, að Bandaríkjamönnum finni ist þeir nátengdir hinu demókratiska frelsi, er þeir hafi búið við í rúmlega 30 ár bæði í stjórn

— Nýr sendiherra

Framh. af bls. 1. að hve mikla gestrisni, sem Ísraelsmenn sýndu hjónunum, gæti hún ekki orðið jafn mikil og hinn einlegi vinarhugur, sem Ísraelsmenn bæru til Íslendinga. „Við metum mikils vináttuna, sem við höfum ávallt mætt af hálfu Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi“, helt Eshkol áfram, „allt frá því að við höfum baráttu okkar fyrir sjálfstæði og alþjóðlegri viðurkenningu. Íslenska þjóðin og stjórn landsins hafa sýnt málstað okkar skilning og við munum ævinlega meta vináttu ykkar“.

Bjarni Benediktsson svaraði með ræðu og sagði m.a., að hann flytti beztu kveðjur frá forseta Íslands herra Ásgeiri Ásgeirssyni, sem hefði mikinn áhuga á Ísrael og þjóðinni, sem þar byggði. Síðan ræddi Bjarni Benediktsson um framfarirnar, sem orðið hefðu í Ísrael síðustu ára tugina og sagði, að litlið yrði á þá, sem dýrðlegan kafla í hinni löngu sögu þjóðarinnar. Hann kveðst vona, að þetta væri aðeins byrjunin, framtíðin yrði enn glæsilegri og þá ríkti friður og vináttu.

Veizla forsætisráðherra Ísraels sátu aðrir ráðherrar landsins, sendiherrar Norðurlandanna og aldursforseti sendiherranna.

artíð Demókrata og Repúblikana.

Johnson bárust, sem fyrr segir, heillaóskaskeyti frá Anastas Mikoyan, forseta Sovétríkjanna og Alexei Kosygin, forsætisráðherra. Í skeyti sínu segir Mikoyan m.a., að Sovétríkin óski góðrar sambúðar við allar þjóðir heims og séu hlynnt samningaviðræðum, sem miði að bættu andrúmslofti í alþjóðamálum. Sovétríkin vilji auka samskiptin við Bandaríkin í þágu beggja ríkjanna og friðarins í heiminum. Kveðst Mikoyan vona, að stjórn lands síns og Bandaríkja-stjórn geri nýjar tilraunir til þess að ná því háleita marki, sem trygging friðarins sé.

Tass-fréttastofan í Moskvu sagði m.a. í morgun, að Bandaríska þjóðin hefði valið og Goldwater og öfgaöflin hefðu beðið gífurlegan ósigur.

„Izvestija“ málagn Sovétstjórnarinnar segir, að Sovétríkin áðu fús til samstarfs við Bandaríkin, sem miði að bættu ástandi í heiminum.

Jens Otto Krag, forsætisráðherra Dana, Tage Erlander, forsætisráðherra Svía og Kekkonen forseti Finnlands, sendu Johnson og Humphrey heillaóskir. Einnig bárust skeyti frá Páli páfa VI, Lal Badhur Shastri, forsætisráðherra Indlands, Josef Cyrankiewicz, forsætisráðherra Póllands, Lester Pearson, forsætisráðherra

— Goldwater

Framhald af bls. 1. hann ekki gera ráð fyrir, að Repúblikanar myndu velja hann sem forsetaefni 1968, en kvaðst ætla að vinna að uppbyggingu flokksins og afla honum fjár. Lét hann að því liggja, að hann yrði leiðtogi flokksins. Goldwater gat ekki boðið sig fram til öldunga-deildar jafnframt forsetaframboðinu og hefur því ekkert embætti, þegar nýtt þing kemur saman í janúar.

Goldwater sagði ennfremur við fréttamenn, að hann teldi ósigur sinn m. a. stafa af því, að margir Repúblikanar hefðu látið hjá líða, að styðja hann í kosningabaráttunni. Hann kvaðst ekki telja, að hin íhaldssama stefna hefði beðið hnekkir og sagðist alls ekki vera bitur vegna úrslitanna.

Kanada og mörgum öðrum.

Mikill fögnuður ríkti í V-Berlin vegna sigurs Johnsons, en íbúar borgarinnar nefna hann „sinn mann“ eftir hina velheppnuðu heimsókn hans þangað 1961. — Willy Brandt, borgarstjóri, sagði, að vandamál Þýskalands og Berlínar væru í góðum höndum.

Í skeyti til Johnson forseta sagði Ludwig Erhard, kanslari V-Býzkalands m.a., að hann væri þess fullvissar að framvegis sem hingað til gætu V-Þjóðverjar treyst skilningi Johnsons og stuðningi, þegar um mál er vörð uðu þýzku þjóðina væri að ræða.

Í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna er sigur Johnsons talinn sýna ljóslega, að mikill hluti bandarísku þjóðarinnar sé hlynntur stefnu hans í utanríkismálum.

Sicco Mansholt, varaformaður fastanefndar Efnahagsbandalags Evrópu, sagði í dag, að sigur Johnsons væri mjög mikilvægur fyrir Evrópu. Sigur Goldwaters hefði orðið mikil ógæfa og ástæða væri til að gleðjast yfir því hve mikla skynsemi bandaríska þjóðin hefði sýnt með vali sínu.

Þjóðernissinnastjórnin á Formósu, sem gagnrýnt hefur stefnu Johnsons í utanríkismálum, hvatti hann í dag til að hefja kjarkmeiri og ósveigjanlegri baráttu gegn kommúnistum.

Í Japan var kjöri Johnsons tekið með miklum fögnuði og heillaóskaskeyti hét forsætisráðherra landsins, Hayato Ikeda, hinum nýja forseta fullum stuðningi.

— Brezkur togari

Framhald af bls. 32. þá klukkustund sem hann var að toga áður en varðskipið stöðvaði hann.

Að loknum framburði skipstjóra togarans komu fyrir réttinn stýrimenn varðskipisins og staðfestu þeir skýrslu skipherra Áegis. Rannsókn í málinu mun ljúka í kvöld og má búast við að dómur verði felldur síðari hluta dags á morgun. — H.T.